

## Setja sama fjölda

sjá myndir hér fyrir neðan

### Efni:

- 2 millipappaspjöld úr eplakassa (miðað er við eitt barn, eitt spjald en hægt er að gera mun fleiri spjöld ef vill)
- Svartur merkitússpenni
- Eitthvað sem hentar til að setja ofan í holurnar á spjöldunum (hér eru notaðir stórir pinnar fyrir pinnaspjöld)

### Aðferð:

- Tölustafir skrifaðir með merkitússpenna í holuna (á myndinni 1-5 og drengur nýorðinn þriggja ára)
- Það á að setja sama fjölda í holurnar og tölustafurinn segir

### Útfærsla:

- Það er mjög auðvelt að útfæra þetta með því að skrifa hærri tölur, jafnvel a.m.k. upp í 20 en þá á móti eru notaðir minni hlutir til að setja ofan í
- Það er líka hægt að nota í þetta t.d. jógúrt- eða skyrdósir og skrifa þá tölustafina í botninn á dósunum eða utan á þær

